

FORSÆTISNEFND 16. nóvember 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um samskipti vegna móttöku fyrir Félag kvenna í atvinnurekstri - R18110229

Óskað er eftir að forsætisnefnd fái afrit af öllum samskiptum borgarinnar og Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) sem endaði með 90 kvenna ráðstefnu í Höfða hinn 6. september sl. sem kostaði borgina 348.064 kr. Samkvæmt framlögðum lista um yfirlit yfir móttökur á tímabilinu 10. janúar-25. október stingur þessi móttaka mjög í stúf. Í reglum um móttökur Reykjavíkur segir í 5. gr. segir að móttökufulltrúi í samráði við skrifstofustjóra borgarstjóra og borgaritarara afgreiði umsóknir um opinberar móttökur. Í 6. gr.a. skal skrifleg beiðni um móttöku þurfi að hafa borist skrifstofu borgarstjóra og borgaritarara á þar til gerðu eyðublaði með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara og í 7. gr. segir að við ákvörðun um opinbera móttöku skal horfa til þess að tilefnið þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga, og/eða sé í samræmi við höfuðborgarhlutverk borgarinnar.